



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík  
[urn@urn.is](mailto:urn@urn.is)

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 17. október 2023

**Efni: Umsögn SI um áform um breytingu á raforkulögum í tengslum við viðskiptavettvang raforku**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 185/2023, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar áform um breytingu á raforkulögum í tengslum við viðskiptavettvang raforku.

Í kynningu um málið segir að frá gildistöku raforkulaga hafi verið í lögunum sérstök heimild fyrir Landsnet til þess að reka raforkumarkað. Þá er í 18. gr. a laganna ákvæði sem fjallar um leyfisskyldu aðila, þ.e. annarra en Landsnets, til að reka raforkumarkað. Kemur þar réttilega fram að ekki er tilgreint með ítarlegum hætti hvað fellur undir 18. gr. a, en samkvæmt skilgreiningu laganna, sbr. 15. tölul. 3. gr., er það *skipulegur markaður með raforku*. Að mati umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þarf að skýra nánar hvaða starfsemi fellur þar undir.

Einnig segir að raforkulög geri ráð fyrir rekstri skipulegs raforkumarkaðar en í lögunum er hvorki fjallað um háttsemi aðila á raforkumarkaði né heldur gagnsæi. Til samanburðar er í V. kafla laganna fjallað um leyfisbindingu raforkusölu, skilyrði fyrir leyfi, skyldur leyfishafa og orkusölusamninga. Af því tilefni telur ráðuneytið einnig nauðsynlegt að í lögunum verði nánar fjallað um skyldur leyfishafa til reksturs skipulegs raforkumarkaðar, skyldur aðila sem nota slík kerfi og eftirlit.

Í fyrirliggjandi áformaskjali er t.a.m. í kafla A.1. vísað til þess að innan Evrópusambandsins gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1227/2011 (REMIT). Sú reglugerð er hluti af EES- samningnum en eins og fram kemur í skjalinu hafa t.a.m. Norðmenn tekið meginreglur reglugerðarinnar upp í norskan rétt. Markmið REMIT er að stuðla að trausti á orkumarkaðnum. Er það gert með því annars vegar að kveða á um upplýsingaskyldu vegna innherjaupplýsinga og tryggja þannig jafnt aðgengi að verðmótandi upplýsingum á markaði og hins vegar með banni við markaðsvikum, þ.e. að aðilar notfæri sér óopinberar verðmótandi upplýsingar á kostnað annarra á markaði.

SI hafa lengi talað fyrir því að hér á landi verði komið á skipulögðum markaði með raforku. Vísast hér m.a. til [skýrslu](#) SI um íslenskan raforkumarkað, sem birt var 2019, þar sem gagnrýndur er m.a. skortur á slíkum markaði héraendis. Er þar m.a. vísað til stefnu SI í raforkumálum þar sem ítrekað er mikilvægi þess að settur verði á fót hér á landi skammtímamarkaður með raforku líkt og í nágrannaríkjum Íslands þar sem raforka er



keypt og seld á markaði sem einkennist af frjálsri verðmyndun og gagnsæi. Eins og fram kemur í tilvísaðri stefnu SI þá greinir hér á milli framkvæmdar á Íslandi og nágrannaríkjum okkar þar sem erlendis eiga viðskipti með raforku sér stað í gegnum markaði þar sem verðmyndun er frjáls og gagnsæ. Er í skýrslunni því talað fyrir því að hér væri ákjósanlegt að koma á skammtímamarkaði með raforku sem myndi auka áðurnefnt gagnsæi í verðmyndun á raforku. Með slíkum markaði gætu bæði raforkuframleiðendur og -kaupendur varið sig gegn áhættu auk þess sem skammtímamarkaður með raforku er til þess fallinn að auka skilvirkni og samkeppni.

Eiga áherslur SI á þessu sviði ríka samleið með þeim meginreglum sem fram koma í áðurnefndri REMIT-reglugerð ESB og er að mati samtakanna löngu tímabært að taka hér á landi tillit til þeirra leikreglna sem þar er kveðið á um er varðar t.a.m. gagnsæi og starfsemi raforkufyrirtækja er viðkemur viðskiptum með raforku.

SI telja þessu tengt einnig óhjákvæmilegt að taka jafnframt til skoðunar laga- og/eða stjórnarsýslulegar hindranir hvað varðar þátttöku fyrirtækja sem og almennings á framboðshlið á raforkumarkaði. Mikilvægt er í því samhengi að opna enn frekar á heimildir raforkunotenda til að selja inn á raforkukerfi umframorku sem þeir aðilar hafa ekki not fyrir sem og heimildir fyrirtækja að selja inn á kerfið þá raforku sem verður til við framleiðsluferla eða aðra ferla í starfsemi fyrirtækja, umfram þau þröngu skilyrði sem fram koma í 18. gr. b raforkulaga. Er hér enn og aftur vísað til umfjöllunar í áðurnefndri skýrslu SI um íslenska raforku þar sem tekið er á þessu álitamáli. Þetta er lykilforsenda þess að öflugur viðskiptavettvangur raforku á Íslandi geti orðið til.

Hvað varðar umfjöllun í fyrirliggjandi skjölum um hagaðila, sbr. kafli F.1., telja SI mikilvægt að víkka enn frekar út þá upptalningu og að þar verði einnig horft til viðskiptavina, jafnt almennings sem og fyrirtækja, að teknu tilliti til þess að virkni raforkumarkaðar hefur veruleg áhrif á þessa aðila sem og að þeir geta haft þar hagsmuni sem virkir aðilar á framboðshlið raforku, sbr. umfjöllun hér að framan. Vísast hér einnig til handbókar um undirbúning og frágang lagafrumvarps, frá árinu 2007<sup>1</sup>, þar sem ítrekað er mikilvægi þess að eiga samráð við hagsmunaaðila við gerð frumvarpa, sbr. m.a. kafli 4.3, bls. 10-11, og sér í lagi þegar um þýðingarmiklar breytingar er að ræða. Til marks um slíkar breytingar er á bls. 10 vísað til tilvika á við ef um nýja stefnumörkun er að ræða, sem horfir til breytinga á viðkomandi málefnasviði, nýjar skyldur eru lagðar á einstaklinga, atvinnulíf, sveitarfélög o.s.frv., réttindi framangreindra aðila eru aukin eða þau skert og loks að fyrirhugaðar breytingar snerta marga.

Óneitanlega eiga þessi sjónarmið að fullu við í máli þessu sem enda um að ræða viðskipti sem sannarlega er grunnþjónusta fyrir jafnt heimili og atvinnulíf, þ.e. kaupa og sala á raforku.

Samandregið styðja SI boðaða vinnu um breytingu á raforkulögum í tengslum við viðskiptavettvang raforku og styðja við þau áform. SI gera því ekki frekari athugasemdir

<sup>1</sup> [https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/utgefidefni/handbok\\_lagafrumvorp.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/utgefidefni/handbok_lagafrumvorp.pdf)



við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lárus M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,  
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála